

364. – Stjórnarfundur LEB 16. desember 2022

Kl. 13.00 - Haldinn sem fjarfundur.

Mættir:

Aðalstjórn: Helgi Pétursson, Drífa Sigfúsdóttir, Sigrún C. Halldórsdóttir, Ingibjörg H. Sverrisdóttir og Þorbjörn Guðmundsson.

Varastjórn: Ásgerður Pálsdóttir, Ragnar Jónsson og Jónas Sigurðsson.

Viðar Eggertsson skrifstofustjóri LEB sat fundinn og skrifaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar 08.11.2022

Samþykkt

2. Fundartímar stjórnar 2023

Hefðbundnir fundartímar stjórnar á þriðjudagsmorgnum henta ekki öllum.

Samþykkt að þeir yrðu framvegis öllu jafna á fimmtudagsmorgnum. Janúarfundurinn yrði staðfundur, en flestir fundir þessarar stjórnar hafa verið fjarfundir.

3. Kjaramál

Þorbjörn Guðmundsson formaður kjaranefndar LEB fór yfir stöðuna eins og hún blasir við nú um næstu áramót. Eins og endranær hefur verið háð hörð barátta við fjármálaráðuneytið um að viðurkenna að áætlun þeirra um verðbólgu og vísitöluhækkunir nái of skammt sem hefur þær afleiðingar að ellilífeyrir almannatrygginga hækka minna en ætla má. Í fjárlagagerðinni er gert ráð fyrir um 7,6% verðbólgu þegar flestir aðrir spái að hún verði amk 8,2 – 9,3%.

Þorbjörn lýsti einnig yfir miklum vonbrigðum að ekki hafi tekist að ná fram því markmiði að kjör eldri borgara yrðu með í kjarasamningum verkalýðsfélaganna. Bæði Kristján Þórður Snæbjarnarson sitjandi forseti ASÍ og Ragnar Þór Ingólfsson kváðust hafa átt óformlegar viðræður við forsvarsmenn ríkistjórnarinnar um að binda kjaramál eldra fólks í kjarasamninga en þeim hugmyndum hefði verið fálega tekið og taldi fjármálaráðherra það af og frá. Þá er til að taka að verkalýðshreyfingin er löskuð núna og eingöngu voru gerðir kjarasamningar til stutts tíma.

Eina jákvæða við kjarapakka ríkisstjórnarinnar vegna samningana fyrir eldra fólk er hækkun stofnframlags til húsbýgginga og hækkun leigubóta, en gera má ráð fyrir að um 10% eldra fólks sé á leigumarkaði.

Niðurstaða þessarar vegferðar kallar á endurskoðun á kjaramálalabaráttu LEB. Mest áriðandi er að ná fram hækkun á almenna frítekjumarkinu ásamt hækkun ellilífeyris til samræmis við lægstu laun.

Í meðfylgjandi Fylgiskjali I. er að finna útreikning og samanburð á upphæð ellilífeyris í ársbyrjun 2023 við lágmarkslaun þeirra Þorbjörns og Finns Birgissonar formanns kjaranefndar FEB.



4. Siðareglur

Áframhaldandi umræða um siðareglur sem Almannaheill hefur látið semja fyrir aðildarfélög sín. Unnin hefur verið aðlögun þessara reglna fyrir LEB sem fyrirhugað er að bera upp á næsta landsfundi LEB. Fyrir þennan stjórnarfund var dreift upplýsingum um hvernig vinnsluferli var háttað hjá Almannaheillum.

Gerð var athugasemd um svo virðist skorta í álitamálum hver ætti að starfa sem siðanefnd ef stjórnarmaður/menn brjóta reglur.

Samþykkt að skoða það sem þykir útaf standa og setja inn í tillögur að siðareglum fyrir LEB sem síðan væru bornar upp til samþykktar á næsta landsfundi.

5. Önnur mál

a. Landsfundur LEB 2023

Rætt um fyrirkomulag næsta landsfundar, þá staðsetningu og dagsetningu. Stefnt er að því að fundurinn verði haldinn utan höfuðborgarsvæðisins en þó í þægilegri ökufjarlægð þaðan. Fundurinn verði haldinn í fyrrihluta maímánuðar.

b. LEB blaðið

Blaðið kostar yfir 6 milljónir á ári og kostnaður fer sífellt hækkandi, sérstaklega dreifingarkostnaður.

Stjórn sammála um að gildi blaðsins sé mikið fyrir einstaka félagsmenn sambandsins og því beri að halda prentútgáfu áfram á komandi ári.

c. Óánægja Félags eldri borgara á Suðurnesjum

Helgi Pétursson formaður LEB leggur fram eftirfarandi bókun til samþykktar:

„Formaður greindi frá verulegri óánægju meðal stjórnar og félagsmanna Félags eldri borgara á Suðurnesjum vegna þess að grein Jóns Sæmundssonar um 30 ára afmæli félagsins birtist ekki í síðasta tölublaði og kvörtunum vegna þess hefði ekki verið svarað. Formaður lýsti því að mistökin hefðu verið á hans ábyrgð og biður stjórn og félagsmenn Félags eldri borgara á Suðurnesjum afsökunar á þeim. Jafnframt þakkar hann fyrir ánægjulegt samtal við Jón um málið.“

Bókunin samþykkt. Einnig samþykkt að formaður ásamt varaformanni LEB, Drífu Sigfúsdóttur, eigi fund með formanni félagsins við fyrstu hentugleika á nýju ári.

d. Norrænt samstarf

LEB á að halda næsta norræna fund landssambanda eldri borgara og mun hann verða 4.-5. maí nk. Drífa Sigfúsdóttir varaformaður LEB er helsti tengiliður okkar við systursamböndin á hinum Norðurlöndunum.

e. Ráðstefna um húsnæðismál eldra fólks

Helgi tjáði stjórn að Öldrunarráð Íslands hyggst halda ráðstefnu um húsnæðismál eldra fólks í febrúar nk. Þar mun væntanlega verða komið inn á hönnun hjúkrunarheimila ásamt hönnunar áskorunum vegna íbúða sem sérstaklega eru ætlaðar eldra fólki.



LEB

Landssamband eldri borgara

f. Verkefnastjórn á heildarendurskoðun á þjónustu við eldra fólk

Helgi sagði að ákaflega vel miðaði hjá verkefnastjórninni í verkefninu. Tillögur hennar um aðgerðaáætlun verða væntanlega birtar eftir helgi í Samráðsgátt stjórnvalda.

g. Áframhaldandi málsókn Gráa hersins

Þorbjörn fór yfir stöðu mála. Lögfræðingar eru áhugasamir um að skjóta málinu til Mannréttindadómstólsins. Það sem helst stendur á ákvörðun þess efnis er kostnaður sem þarf að eiga fyrir.

- VR hefur verið dyggur stuðningsaðili málsins frá upphafi. Gjaldkeri VR hefur látið vita að ávísanahefti þeirra standi ekki opið öllu lengur en getur þó lofað allt að 2 milljónum til viðbótar.
- Kostnaður við að senda málið áfram til dómstólsins sé einhvers staðar á bilinu 1,5 – 2,5 milljónir.
- Þá tjáði Ingibjörg sem er gjaldkeri Málsóknarsjóðs Gráa hersins að árlegur kostnaður vegna lögboðins reikningshalds sjóðsins sé ekki undir 600.000 kr. árlega og það þarf að fjármagna þær greiðslur næstu ár.
- Því er viðbúið að það þarf að fara í aukna fjársöfnun í Málsóknarsjóðinn ef halda á áfram með málið fyrir Mannréttindadómstólnum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 11.25

Fundargerð ritaði Viðar Eggertsson

Fundargerð samþykkt á stjórnarfundum föstudag 20. janúar

Helgi Pétursson formaður LEB

Hækkun ellilífeyris og launa 1. jan. 2023

Helstu forsendur:

Greiðslur almennatrygginga hækka um 7,4%
Fjárlög miða við 5,8% hækkun verðlags
Greiðslur frá lífeyrissjóðum hækka um 5,6%

Lægstu laun hækka um minnst 35 þús. (samn. SGS)
Lífeyrissjóðsgreiðslur eru miðgild f. alla sem fá ellilífeyri frá TR
4% íðgjald launamanna í lífeyrissjóð er inni í „hækkun e. skatt“

Ellilífeyristakar:

Ár	E.líf. TR grunnupph.	L.sjóður miðgildi	E.líf. TR e. skerðingu	Tækjur samtals
2022	286.619	201.000	207.419	408.419
2023	307.829	212.256	223.564	435.820
Hækkun:	21.210	11.256	16.145	27.401
Hækkun e. skatt:		7.027	10.079	17.105

Ellilífeyrir sem hlutf. af lægstu launum

2022	78,05%
2023	76,53%

Lægstu laun, samningur SGS (35 þús. kr. hækkun)

Laun '22	Laun '23	Hækkun f. skatt	31,45% skattur	Hækkun e. skatt
367.235	402.235	35.000	10.567	24.433

VR og iðnaðarmenn, 6,75% hækkun launa

Laun '22	Laun '23	Hækkun f. skatt	37,95% skattur	Hækkun e. skatt
600.000	640.500	40.500	14.755	25.745
650.000	693.875	43.875	15.985	27.890
700.000	747.250	47.250	17.214	30.036
750.000	800.625	50.625	18.444	32.181
800.000	854.000	54.000	19.673	34.327
850.000	907.375	57.375	20.903	36.472
900.000	960.750	60.750	22.132	38.618
950.000	1.014.125	64.125	23.362	40.763
1.000.000	1.067.500	67.500	24.592	42.908

ÞG og FB 18. des. 2022

(Skatthlutf. leiðrétt 30.12.'22)